

Atvinnuveganefnd Alþingis
Skrifstofa Alþingis
101 Reykjavík
Netfang: nefndarsvid@althingi.is

Reykjavík, 1. nóvember 2023
E-2023-263/00.11

Efni: Umsögn um endurskoðun á lagaumhverfi fyrir smávirkjanir

Vísað er til umsagnarbeðnar frá atvinnuveganefnd Alþingis sem barst í tölvupósti 18. október 2023. Um er að ræða endurflutt þingmál frá 153. þingi sem lagt er fram í nær óbreyttri mynd.

Landsvirkjun fagnar almennt öllum aðgerðum stjórnvalda sem eru til þess fallnar að auka skilvirkni og einfalda ferli um leyfisveitingar virkjana, hvort sem um er að ræða smávirkjanir eða stærri virkjanir. Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfull markmið í loftslagsmálum og ljóst er að auka þarf framboð á raforku eigi þau markmið að nást.

Landsvirkjun vill í þessu samhengi einnig minnst á samfélagslegt mikilvægi raforkuöryggis og þá staðreynd að á Íslandi er lokað og einangrað raforkukerfi sem er í dag fullselt. Uppbygging virkjana er langt ferli sem felur í sér fjölda rannsóknar- og leyfisferla sem mælist í árum eða áratugum. Það er þannig nauðsynlegt að stefnumótun stjórnvalda miði að því að greiða götu frekari uppbyggingar til að tryggja orkuöryggi þjóðarinnar á næstu árum. Um jákvætt skref er hér að ræða og styður Landsvirkjun efni þessa frumvarps.

Virðingarfyllt,

Kristín Linda Árnadóttir
Aðstoðarforstjóri

Þórólfur Nielsen
Forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni